

## AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 49/1988 um erlendar  
lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum,  
tækjum og búnaði til atvinnurekstrar.

Liður 1.1 orðist svo:

Heimilt er að gera samninga um lán (eða greiðslufrest) við erlenda aðila vegna kaupa frá útlöndum á vélum, tækjum og búnaði, sem upp er talinn í lið 6.0 hér á eftir, til nota í atvinnurekstri. Erlend lán skulu ekki vera hærri en sem nemur 70% af fob-verði vörunnar en 60% ef slíkum lánum fylgir ábyrgð eða endurlán innlands banka, sparisjóðs, tryggingarfélags eða opinbers fjárfestingarsjóðs.

Innlendum framleiðendum þeirra véla, tækja og búnaðar, sem upp er talinn í 6.0 hér að neðan, er heimilt að taka erlend lán sem nema 70% af verði þeirra en 60% ef um er að ræða ábyrgð eða endurlán innlands banka, sparisjóðs, tryggingarfélags eða opinbers fjárfestingarsjóðs.

Liður 2.1 orðist svo:

Innlendum fyrirtækjum, sem annast fjármögnunar- og kaupleigu, er heimilt að taka lán erlendis til að fjármagna kaup á vélum, tækjum og búnaði erlendis frá, í þeim tilgangi að gera leigusamninga um notkun þeirra við innlenda aðila. Erlenda lánið má eigi vera hærri en sem nemur 70% af fob-verði hinna erlendu kaupa.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 24. maí 1988.*

**Jón Sigurðsson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

## AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir Silfurgen hf. að Kalmanstjörn á Reykjanesi.

1. gr.

### 1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu á allt að 32 tonnum af seiðum (15–800 grömm) auk þess eldi á fullorðnum laxi. Samtals allt að 42 tonna ársframleiðslu. Ennfremur til aðstöðu til hafbeitar.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Stöðinni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði stöðvarinnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Stöðinni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.4. Um umgengisreglur, sóttreinsun og meðferð sýktra og sjálf dauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.